

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur 2003

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar
Vegmúla 2
108 Reykjavík

kt. 430269-6589

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur 2003

Efnisyfirlit.

Áritun endurskoðenda.....	2
Skýrsla stjórnar.....	3-4
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar.....	8-12
Lykiltölur	13

Áritun endurskoðanda

Stjórn og sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Í umboði borgarendurskoðanda höfum við endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðsstreymi, skýringar og lykiltölur. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningu, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athuganir á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægilega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af efnahag lífeyrissjóðsins 31. desember 2003, breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og breytingu á handbæru fé á árinu 2003 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 30. apríl 2004

Endurskoðendapjónustan ehf.

Jón Tryggvi Kristjánsson
endurskoðandi

Skýrsla um starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar árið 2003

Fjöldi sjóðfélaga og fjárhæð móttekinna iðgjalda

Á árinu 2003 greiddu að meðaltali 1.555 virkir sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins samanborið við 1.904 árið 2002. Óvirkir sjóðfélagar sem eiga réttindi inni hjá sjóðnum eru 17.282 talsins. Innheimt heildariðgjöld ásamt endurgreiðslum og réttindaflutningi námu 932,0 m. kr., sem er 1,53% lækkun frá fyrra ári.

Uppgjör lífeyrisréttinda

Á árinu gerði sjóðurinn tvo stóra samninga um uppgjör lífeyrisréttinda. Annars vegar var gert samkomulag við Orkuveitu Reykjavíkur og voru 2.963,1 m. kr. færðar meðal iðgjalda á árinu 2003 en hluti af uppgjörinu var tekjufært á árinu 2002. Að höfðu samráði við Fjármálaeftirlitsins er ógreiddur hluti samkomulagsins færður meðal krafna í árslok og nemur 3.421,4 m. kr. og kemur til greiðslu á næstu 33 árum, síðasta greiðsla í janúar 2037. Hins vegar gerðu Ríkissjóður og Reykjavíkurborg með sér samkomulag sem undirritað var í aprílbyrjun 2004. Það varðar uppgjör á sameiginlegum lífeyrisskuldbindingum og voru í tengslum við það færðar 2.782,2 m. kr. meðal iðgjalda. Útistandandi krafa um áramót vegna þessa uppgjors nemur 2.985,5 m. kr. og er færð meðal krafna í ársreikningi en kemur til greiðslu á árinu 2004.

Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu 2003 námu alls 1.271,4 m. kr., sem er 11,0% hækkun frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþega á árinu 2003 var að meðaltali 1.942, þar sem 1.222 að meðaltali fengu greiddan ellilífeyri, 393 makalífeyri, 285 örorkulífeyri og 43 barnalífeyri.

Lánveitingar og verðbréfavíðskipti

Ný skuldabréfalán voru veitt til 85 sjóðfélaga að fjárhæð 201,5 m. kr. Aðrar fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum námu 705,2 m.kr. og skiptast þannig að 642,8 m. kr fóru til fjárfestinga í verðbréfum með breytilegum tekjum og 62,4 m. kr. í öðrum verðbréfum með föstum tekjum.

Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 10.044,5 m. kr. í árslok 2003, en hækkun hreinnar eignar frá fyrra ári nemur rúmum 6.494,6 m. kr. sem er 182,9% aukning á milli ára og stafar sú aukning helst af uppgjörum lífeyrisréttinda, sem áður er getið.

Raunávöxtun eigna sjóðsins á árinu 2003 er 11,06% en að frádregnum rekstrarkostnaði o.fl. nemur ávöxtunin 10,53%. Þessar tölur eru reiknaðar samkvæmt fyrirmælum og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins en hafa ber í huga að áður nefnd stór uppgjör lífeyrisréttinda hafa veruleg áhrif á þessa niðurstöðu. Að teknu tilliti til þeirra uppgjora er raunávöxtun með áhrifum rekstrarkostnaðar nálægt 6,5%.

Rekstur

Á árinu 2003 nam rekstrarkostnaður sjóðsins 32,2 m. kr., sem er um 3,46% af iðgjöldum en sambærilegt hlutfall á árinu 2002 nam 3,39%. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum í árslok er um 0,3% samanborið við 0,9% árið 2002. Sjóðurinn er í rekstrarlegri umsjá Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga samkvæmt samningi þar um frá árinu 1999.

Tryggingafræðileg athugun

Samkvæmt athugun Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings sjóðsins á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga miðað við árslok 2003 nam áfallin skuldbinding lífeyrissjóðsins samtals 38.007,4 m. kr. Í töflu sem er hluti skýringa með ársreikningi sjóðsins er að finna frekari upplýsingar um hina tryggingafræðilegu stöðu sjóðsins, m.a. um þá hreinu eign sem sjóðurinn á til að mæta þessari skuldbindingu. Þess ber að geta að borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

Skýrsla um starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar árið 2003

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2004

Í stjórn sjóðsins

Helga Jónsdóttir
Stjórnarformaður

Steinar Harðarsson

Þorgrímur Hallgrímsson

Benedikt Geirsson

Sjöfn Ingólfssdóttir

Framkvæmdastjóri

Jón G. Kristjánsson

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

	Skýr.	2003	2002
Iðgjöld			
Framlag sjóðfélaga		134.152.655	143.015.318
Framlag launagreiðenda		364.072.089	400.963.093
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(3.503.710)	(1.032.149)
Viðbótariðgjöld borgarsjóðs og stofnana		437.278.229	403.309.619
Uppgjör áfallinna lífeyrisréttinda	14	5.972.025.117	381.786.336
		<u>6.904.024.380</u>	<u>1.328.042.218</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	3	1.271.362.822	1.144.975.825
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		32.000	698.000
		<u>1.271.394.822</u>	<u>1.145.673.825</u>
Fjárfestingatekjur og (fjárfestingagjöld)			
Fjárfestingatekjur af hlutabréfum	4	533.953	(5.951.833)
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur	5	895.222.638	233.902.354
Breytingar á niðurfærslu		(677.825)	(8.364.529)
		<u>895.078.766</u>	<u>219.585.992</u>
Vaxtagjöld	6	(925.382)	(12.103.760)
		<u>894.153.384</u>	<u>207.482.232</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofukostnaður	6	32.227.630	32.075.921
		<u>32.227.630</u>	<u>32.075.921</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		6.494.555.312	357.774.703
Hrein eign frá fyrra ári		3.549.915.538	3.192.140.835
Hrein eign til greiðslu lífeyris		10.044.470.851	3.549.915.538

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eignir

	Skýr.	31.12.2003	31.12.2002
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	7-9	607.702.069	277.582.690
Verðbréf með föstum tekjum	10	588.753.317	574.210.627
Veðlán	11,12	2.341.342.397	2.149.380.390
		<u>3.537.797.783</u>	<u>3.001.173.707</u>
Kröfur			
Óinnheimt iðgjöld og viðbótarframlög	14	6.437.847.967	449.749.296
Viðskiptakröfur		0	7.804.266
		<u>6.437.847.967</u>	<u>457.553.562</u>
Aðrar eignir			
Bankainnstæður		141.630.360	133.369.231
		<u>141.630.360</u>	<u>133.369.231</u>
	Eignir	<u>10.117.276.110</u>	<u>3.592.096.499</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ýmsar skuldir		72.805.259	42.180.961
		<u>72.805.259</u>	<u>42.180.961</u>
	Skuldir	<u>72.805.259</u>	<u>42.180.961</u>
	Hrein eign til greiðslu lífeyris	<u>10.044.470.851</u>	<u>3.549.915.538</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 2003

	Skýr.	2003	2002
Inngreiðslur			
Iðgjöld		1.114.301.345	958.779.793
Vaxtatekjur		272.103.950	175.404.325
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		359.883.973	345.607.463
Seld verðbréf með föstum tekjum		1.233.256	33.004.347
Afborganir útlána og krafna		440.393.147	284.039.563
		2.187.915.671	1.796.835.491
Útgreiðslur			
Lífeyrir	3	1.240.770.524	1.145.673.825
Rekstrarkostnaður	6	32.227.630	32.075.921
Aðrar útgreiðslur		0	43.671.219
		1.272.998.154	1.221.420.965
Ráðstöfunarfé til fjárfestingar í verðbréfum		914.917.517	575.414.525
Keypt verðbréf með breytilegum tekjum		642.812.037	295.473.102
Keypt verðbréf með föstum tekjum		62.356.351	10.310.840
Ný veðlán og útlán		201.488.000	224.815.000
		906.656.388	530.598.942
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		8.261.129	44.815.583
Handbært fé í upphafi árs		133.369.231	88.553.648
Handbært fé í lok árs		141.630.360	133.369.231

Skýringar

Starfsemi

1. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs.

Frá 1. júlí 1998 var lokað fyrir nýja sjóðfélaga að greiða í sjóðinn. Þeim einum, sem greiddu til sjóðsins í júní 1998, er heimilt að greiða áfram til sjóðsins. Launþegar greiða 4% en launagreiðendur 6% mótframlag af iðgjaldastofni sem er föst laun fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsframlag.

Almennur réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 65 ára enda láti hann þá af starfi sínu. Honum er heimilt að hefja töku lífeyris fyrr ef samanlagður sjóðfélagaaldur hans og lífaldur er 95 ár eða meira, þó aldrei fyrr en hann er orðinn 60 ára gamall. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 10% eða meira. Látist sjóðfélagi á eftirlifandi maki rétt á lífeyri ævilangt og börn til 18 ára aldurs. Sjóðfélagi ávinnur sér 2% rétt á ári fyrir fullt starf og miðast lífeyrir við lokalaun sjóðfélagsins í starfi. Þau laun taka breytingum samkvæmt vísitölu fastra dagvinnulauna opinberra starfsmanna eða kjósi sjóðfélagi, sem lætur af starfi til að hefja töku lífeyris, samkvæmt launum eftirmanns. Réttindin eru föst og ábyrgist Reykjavíkurborg og hlutaðeigandi stofnanir skuldbindingar sjóðsins.

Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings 2002.

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á framreiknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga sem veitt voru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagabréf eru færð til eignar með áföllnum vöxtum m.v. vaxtakjör þeirra. Önnur veðlán eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

Skýringar

Lífeyrir

3. Lífeyrisþegar á árinu 2003 voru að meðaltali 1.942 talsins. Skipting lífeyris á árinu er með eftirfarandi hætti:

	2003	2002
Ellilífeyrir.....	866.909.261	773.913.915
Örorkulífeyrir.....	82.684.803	73.595.788
Makalífeyrir.....	317.241.849	292.502.000
Barnalífeyrir.....	4.526.909	4.964.122
<i>Samtals</i>	<u>1.271.362.822</u>	<u>1.144.975.825</u>

Fjárfestingartekjur

	2003	2002
4. Fjárfestingartekjur af hlutabréfum sundurliðast þannig:		
Af innlendum hlutabréfum	2.602.062	(102.576)
Af erlendum hlutabréfum	<u>(2.068.109)</u>	<u>(5.849.257)</u>
	<u>533.953</u>	<u>(5.951.833)</u>
5. Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur sundurliðast þannig:		
Af veðlánnum	164.753.498	166.962.260
Af verðtryggðum innlendum skuldabréfum	76.794.491	42.785.090
Af bankainnstæðum	5.773.228	2.997.649
Af innlendum hlutdeildarskírteinum	45.622.354	26.272.814
Af erlendum hlutdeildarskírteinum	1.795.742	(21.587.544)
Vextir af iðgjöldum og uppgjöri lífeyrisskuldbindinga	593.504.087	9.492.200
Dráttarvextir	4.964.758	4.731.735
Lántökugjöld	<u>2.014.480</u>	<u>2.248.150</u>
	<u>895.222.638</u>	<u>233.902.354</u>

Rekstur sjóðsins

6. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur hans samkvæmt samningi þar um. Í stjórn sjóðsins eru 5 manns.

Vaxtagjöld upp á 0,9 m. kr. eru reiknuð af viðskiptaskuld við LSS vegna fjármuna sem sjóðurinn hefur lagt LsRb til í tengslum við reksturinn. Vaxtaþrósentu er miðuð við gildandi vexti sjóðfélagalána á hverjum tíma.

	2003	2002
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Hlutdeild í rekstrarkostnaði LSS	25.412.356	25.906.414
Laun stjórnar og tengd gjöld	312.534	402.499
Aðkeypt vinna	1.480.473	600.713
Endurskoðun og reikningsleg aðstoð	1.297.239	1.147.431
Hugbúnaðargerð og tölvuvinnsla	788.421	1.220.638
Árgjöld	805.554	743.177
Burðargjöld	1.080.879	975.870
Pappír, prentun og ritföng	214.176	389.843
Annar kostnaður	779.118	340.765
Þóknun til verðbréfafyrirtækja og önnur vaxtagjöld	<u>56.880</u>	<u>379.833</u>
	<u>32.227.630</u>	<u>32.107.183</u>

Skýringar

Verðbréf með breytilegar tekjur

7. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	<u>Bókfært verð</u>
Eignarhlutar í innlendum félögum	7.294.949
Eignarhlutar í erlendum félögum	27.560.384
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum	<u>572.846.736</u>
	<u>607.702.069</u>

8. Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig	<u>Hlutdeild</u>	<u>Nafnverð</u>	<u>Bókfært verð</u>
Félög skráð á erlendum mörkuðum, eignarhluti óverulegur nema annað komi fram:			
ALPHA I (Venture Capital)	Óveruleg	EUR 290	7.294.949
			<u>7.294.949</u>
Óskráð félög, eignarhluti óverulegur:			
GIR (Hedge Fund), óskráður	Óveruleg	ISK 96.000	15.665.280
Health Holding S.A. (Healthhold), óskráður	Óveruleg	SEK 12.064	11.895.104
			<u>27.560.384</u>
Hlutabréfaeign alls			<u>34.855.333</u>

9. Hlutdeildarskírteini greinast þannig:	<u>Bókfært verð</u>
Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:	
Ríkisverðbréfasjóður - langur	394.910.690
Ríkisverðbréfasjóður - millilangur	117.519.819
Hávaxtasjóður	46.233.109
Peningamarkaðssjóður	14.183.118
	<u>572.846.736</u>

Verðbréf með föstum tekjum

10. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:		<u>2003</u>	<u>2002</u>
Skuldabréf með ríkisábyrgð			
Skuldabréf Húsnæðisstofnunar	454.026.100	505.788.064	
Húsbréf	33.106.380	32.082.564	
Skuldabréf lánastofnana	39.316.753	0	
Skuldabréf fyrirtækja og önnur skuldabréf.....	<u>62.304.084</u>	<u>36.339.999</u>	
Verðbréf með föstum tekjum alls	<u>588.753.317</u>	<u>574.210.627</u>	

Markaðsverð ofangreindra verðbréfa nemur 592,7 m. kr.

Skýringar

Veðlán

11. Veðlán sjóðsins sundurliðast þannig:

	<u>Bókfært verð</u>	<u>Bókfært verð</u>
Veðskuldabréf sjóðfélaga	2.009.639.734	1.973.185.576
Önnur veðbréf	359.904.913	203.719.814
Niðurfærsla veðskuldabréfa	(28.202.250)	(27.525.000)
	<u>2.341.342.397</u>	<u>2.149.380.390</u>

12. Veðlán sjóðsins eru færð niður í efnahagsreikningi um 28,2 m. kr. til að mæta þekktri eða áætlaðri hættu á töpum. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast.

Skipting fjárfestinga eftir myntum

13. Skipting fjárfestinga eftir myntum er eftirfarandi:

	ÍKR	EUR	SEK	Samtals
Verðbréf með brl. tekjum.....	588.512.016	7.294.949	11.895.104	607.702.069
Verðbréf með föstum tekjum.....	588.753.317			588.753.317
Veðlán.....	<u>2.341.342.397</u>			<u>2.341.342.397</u>
	<u>3.518.607.730</u>	<u>7.294.949</u>	<u>11.895.104</u>	<u>3.537.797.783</u>
Hlutfallsleg skipting.....	99,5%	0,2%	0,3%	100,0%

Kröfur

14. Óinnheimt iðgjöld og viðbótarframlög í árslok nema 6.437,8 m. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Þar af nema ógreidd iðgjöld vegna uppgjors lífeyrisskuldbindinga stofnana alls 6.406,9 og er nánari grein gerð fyrir þeim hér að neðan. Mat annarra óinnheimtra iðgjalda byggist að mestu á reynslu undangenginna ára.

Á árinu 2003 var gengið frá samkomulagi um uppgjör lífeyrisskuldbindinga Orkuveitu Reykjavíkur, miðað við árslok 2001. Meðal iðgjaldatekna eru færðar 2.963,1 m. kr. vegna þessa en hluti þessa uppgjors kom inn á árinu 2002. Útistandandi krafa í árslok að meðtöldum verðbótum og vöxtum nemur 3.421,4 m. kr. og kemur til greiðslu á næstu 33 árum samkvæmt samkomulaginu.

Snemma á árinu 2004 var gengið frá samkomulagi milli Ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar varðandi uppgjör á sameiginlegum lífeyrisskuldbindingum stofnana þar sem báðir aðilar lögðu fé til rekstrarins. Í tengslum við uppgjórið voru 2.782,2 m kr. færðar meðal iðgjaldatekna en útistandandi krafa í árslok vegna þessa nemur 2.985,5 m. kr. og kemur að fullu til greiðslu á árinu 2004.

Skýringar

Tryggingafræðileg athugun:

15. Mat á lífeyrisskuldbindingum:

Í apríl árið 2004 var framkvæmd tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins sem miðaðist við árslok 2003. Helstu niðurstöður athugunarinnar, miðað við að 2% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun launa næstu áratuginna voru að heildarskuldbinding sjóðsins væri 34.483,6 m. kr. umfram endurmetna hreina eign hans í árslok 2003. Borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins. Niðurstöður hinnar tryggingafræðilegu athugunar voru eftirfarandi í m. kr.:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	10.044,5		10.044,5
Núvirði verðbréfa	471,5		471,5
Núvirði framtíðariðgjalda		4.166,2	4.166,2
Eignir samtals	10.516,0	4.166,2	14.682,2
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	26.760,0	8.286,4	35.046,4
Örorkulífeyrir	1.914,7	576,5	2.491,2
Makalífeyrir	8.682,6	2.069,6	10.752,2
Barnalífeyrir	90,0	0,0	90,0
Rekstrarkostnaður	560,1	225,9	786,0
Skuldbindingar samtals	38.007,4	11.158,4	49.165,8
Eignir - skuldbindingar	(27.491,4)	(6.992,2)	(34.483,6)
Hlutfall	-72,3%	-62,7%	-70,1%

Lykiltölur

Ýmsar lykiltölur

	2003	2002	2001	2000	1999
Ávöxtun:					
Nafnverðsávöxtun	13,54%	6,38%	10,23%	3,85%	9,67%
Raunávöxtun eigna að frádregnum kostnaði	10,53%	3,28%	1,49%	-0,32%	3,86%
Meðaltal hreinnar raunávxt. síðustu fimm ár	3,70%	2,63%	2,86%	3,49%	4,49%
Kostnaðarhlutfall:					
Rekstrarkostn., sem hlutfall af hreinni eign	0,32%	0,90%	0,94%	0,88%	0,54%
Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar:					
Verðbréf með breytilegum tekjum	17,2%	9,2%	9,2%	14,9%	8,2%
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	16,4%	8,4%	10,3%	14,7%	8,2%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	0,8%	0,8%	0,4%	0,2%	0,0%
Verðbréf með föstum tekjum	16,6%	19,1%	21,5%	23,6%	25,7%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	16,0%	19,1%	21,0%	23,6%	25,7%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	0,6%	0,0%	0,5%	0,0%	0,0%
Veðlán	66,2%	71,7%	67,8%	61,5%	66,1%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Skipting verðbréfaeignar eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	99,5%	98,4%	95,6%	92,5%	98,5%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	0,5%	1,6%	4,4%	7,5%	1,5%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Fjöldi sjóðfélaga og lífeyrisþega:					
Fjöldi virkra sjóðfélaga að meðaltali	1.555	1.904	2.155	2.314	2.820
Fjöldi lífeyrisþega að meðaltali	1.942	1.832	1.645	1.517	1.486
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	68,2%	67,6%	66,7%	66,8%	65,8%
Örorkulífeyrir	6,5%	6,4%	5,7%	5,7%	6,4%
Makalífeyrir	25,0%	25,6%	27,3%	27,4%	27,6%
Barnalífeyrir	0,4%	0,4%	0,3%	0,2%	0,2%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Tryggingafræðileg úttekt:					
Heildarskuldbinding umfram hreina eign	70,1%	81,7%	81,8%	80,1%	75,4%
Áfallin skuldbinding umfram hreina eign	72,3%	87,8%	87,7%	86,6%	83,8%